



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. mars 2009
Ref: 2009010005
Bréfalykill: 03.8

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, 397. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 17. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, 397. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni frumvarpsins, ásamt því að samráð var haft við stofnunina við undirbúning frumvarpsins, og óskar eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað það varðar.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 3. másl. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: „*Styrkir á grundvelli 4. tölul. 11. gr. skulu jafngilda átta ára áætluðum niðurgreiðslum sem falla niður vegna orkusparnaðar sem tengist umhverfissvænni orkuöflun og/eða aðgerðum sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun.*“ Orkustofnun gerir athugasemdir við orðalag umrædds ákvæðis. Bendir stofnunin á að við undirbúning frumvarpsins var ekki gert ráð fyrir að niðurgreiðslur skyldu falla alveg niður en aftur á móti var gert ráð fyrir að lækka niðurgreiðslur í samræmi við þann árangur sem aðilar ætla að ná með öðrum orkugjöfum. Styrkurinn myndi því nema mismuninum á því sem aðili fær niðurgreitt í dag og því sem hann ætlar að ná, sem verður þá það hámark sem hann getur fengið eftir breytingu.

Í ljósi framanritaðs leggur Orkustofnun því til að 4. gr. frumvarpsins orðist svo: „*Styrkir á grundvelli 4. tölul. 11. gr. skulu jafngilda átta ára áætluðum niðurgreiðslum sem lækka í réttu hlutfalli við orkusparnað tengdum umhverfissvænni orkuöflun og/eða aðgerðum sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun.*“

Að auki óskar Orkustofnun eftir að koma á framfæri athugasemd varðandi 6. gr. núgildandi laga, um upphæð niðurgreiðslna, og æskilega breytingu á því ákvæði. Bendir stofnunin á að eftir árið 2005 var byrjað að niðurgreiða dreifingu á raforku og er niðurgreiðslan mismunandi eftir einstökum dreifiveitum. Í ljósi þessa telur Orkustofnun nauðsynlegt að í lögum nr. 78/2002 sé tryggt að niðurgreiðslur geti verið misjafnar eftir svæðum, líkt og raunin er nú. Að auki telur Orkustofnun óeðlilegt að sú staða geti komið upp að olíukynnt húsnæði borgi minna en rafkynnt húsnæði getur og því þarf að miða niðurgreiðsluna við dýrustu rafhitunina. Í raun hefur ávallt verið miðað við dýrustu rafhitun en að mati Orkustofnunar væri heppilegra að lögfesta slíkt á lagatexta. Skal vakin athygli á að í eldri útgáfu laganna, þ.e. fyrir árið 2005, skipti þetta ekki máli enda var sama raforkuverð um allt land vegna húshitunar.

Leggur Orkustofnun til að 1. mgr. 6. gr. nógildandi laga orðist svo. „Í samræmi við fjárhæð niðurgreiðslna sem samþykkt er í fjárlögum viðkomandi árs skal iðnaðarráðherra ár hvert ákveða upphæð niðurgreiðslna á raforku í kr./kWst, á vatni frá kyntum hitaveitum í kr./kWst eða kr./m³ og á olíu í kr./l. fyrir hverja dreifiveitu rafmagns, hitaveitu eða virkjun. Miða skal upphæð niðurgreiðslna á olíu við að kostnaður notenda verði svipaður við olíuhitun og þar sem hann er dýrastur með rafhitun.“

Virðingarfyllst



Lárus Olafsson
lögfræðingur